



FUNDARGERÐ

246. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði mánudaginn 19. nóvember 2018 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Á fundinn mættu Hugrún Hjálmarsdóttir frá Eflu sem fór yfir framkvæmdaáætlun 2019 og Magnús Jónsson frá KPMG sem fór yfir átta mánaða uppgjör 2018 og fjárhagsáætlun 2019-2022.

Dagskrá:

1. A) Framkvæmdaáætlun 2019
B) Átta mánaða uppgjör 2018
C) Gjaldskrárbreytingar HEF fyrir árið 2019
D) Fjárhagsáætlun 2019-2022
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. A) Framkvæmdaáætlun 2019

Fyrir fundinum liggur framkvæmdaáætlun fyrir árið 2019.

Verkefni í m.kr.	fjárfesting	Tengigj. og styrkir	Netto
Hreinsun fráveitu áfangi 1 – Lögn að Lagarfljóti	80		80
VÖK baðvatn úr Urriðavatni	4		4
Ferjukíll veitulagnir	33	1	32
Heimæðalagnir og frágangur lausra enda	5		5
Iðavellir vatnsveita	4	2	2
Skjólgarður fráveita	6		6
Regnvatnslögn í Fénaðarklöpp	9		9
Hafrafell veitulagnir	14	10	4
Samtals	155	13	142

Áætlunin samþykkt.

Fulltrúar L-lista samþykktu með eftirfarandi bókun:

“Samþykkt með fyrirvara um að upplýsingar um heildarkostnað við fráveituf framkvæmdir (2ja þrepa hreinsun) liggja fyrir. Sömuleiðis verði ekki farið í kostnaðarsamar veitulagnir nema fyrir liggja áætluð mótframlög.”

B) Átta mánaða uppgjör 2018

Fyrir fundinum liggur árshlutareikningur jan. – ágúst 2018.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á tímabilinu sem nam 53,2

millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.989,7 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 815,8 millj. kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall félagsins 41,0%. Í lok tímabilsins nam hlutafé félagsins 433,3 millj. kr og hafði ekki breyst á tímabilinu. Allt hlutafé félagsins er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs eins og í upphafi árs. Árshlutareikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun.

C) Gjaldskrárbreytingar HEF fyrir árið 2019.

Rætt var um gjaldskrárbreytingar HEF. Frekari umræðu og ákvörðun frestað.

D) Fjárhagsáætlun 2019-2022



Rekstrarreikningur

	2017 Ársreikningur	2018 Útkomuspá	2019 Áætlun	2020 Áætlun	2021 Áætlun	2022 Áætlun
Rekstrartekjur:						
Rekstrartekjur hitaveitu	190.928	187.835	202.222	219.983	226.260	232.718
Rekstrartekjur vatnsveitu	90.824	90.536	94.860	99.111	101.985	104.942
Rekstrartekjur fráveitu	119.161	123.132	138.572	142.591	146.726	150.981
	<u>400.913</u>	<u>401.503</u>	<u>435.654</u>	<u>461.685</u>	<u>474.970</u>	<u>488.641</u>
Rekstrargjöld:						
Rekstur veitukerfis hitaveitu	26.768	26.247	29.650	30.510	31.395	32.305
Rekstur veitukerfis vatnsveitu	8.845	14.433	13.669	14.065	14.473	14.893
Rekstur veitukerfis fráveitu	33.765	38.592	36.900	37.970	39.071	40.204
Laun og launtengd gjöld	59.165	64.388	79.324	82.894	86.375	90.003
Annar rekstrarkostnaður	31.970	36.782	34.222	35.214	36.236	37.286
	<u>160.512</u>	<u>180.443</u>	<u>193.765</u>	<u>200.653</u>	<u>207.550</u>	<u>214.692</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar	240.401	221.060	241.889	261.031	267.421	273.950
Afskriftir	<u>79.634</u>	<u>86.008</u>	<u>89.051</u>	<u>92.130</u>	<u>94.880</u>	<u>97.630</u>
Rekstrarhagnaður án hreinna fjármagnsgjalda	160.767	135.052	152.838	168.902	172.541	176.320
Hrein fjármagnsgjöld	(49.385)	(90.420)	(57.467)	(53.571)	(47.235)	(41.063)
Árhrif hlutdeildarfélags	(3.477)	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	(10.640)	(13.395)	(12.124)	(7.203)	(8.178)	(9.350)
Hagnaður tímabilsins	<u>97.264</u>	<u>31.237</u>	<u>83.247</u>	<u>108.128</u>	<u>117.128</u>	<u>125.907</u>

Ofangreind áætlun borin upp og samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdir við VÖK, áfanga 2, við lögn vatns-, frárennslis- og gagnaveitu frá Barravegamótum að Smiðjuseli. Gengið var að tilboði Línuborunar upp á 7,5 milljónir í verkið og mun það hefjast innan skamms.
- Framkvæmdir við ýmsar lagfæringar á lögnum í bænum.

3. Önnur mál

- Uppgjör HEF við "Matjurtaverkefni FF" 2017. Fyrir liggur bréf frá Þórarni Lárussyni fyrir hönd Framfarafélags Fljótsdalshéraðs þar sem minnt er á að styrkur HEF til verkefnisins "Matjurtarækt á Austurlandi", kr. 67.000, hefur ekki

verið greiddur og fer þess á leit að greiðslu verði lokið fyrir aðalfund FF sem haldinn verður í lok nóvember.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá greiðslu til Framfarafélagsins.

b. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um ýmis atriði varðandi ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og fór yfir þá undirbúningsvinnu sem hann hefur lagt í verkefnið.

Framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs með afrakstur vinnunnar.

c. Stefnt skal á vettfangsferð í mars 2019.

d. Stjórn fagnar því lága orkuverði sem HEF getur boðið notendum sínum, eins og greint var frá í fréttum RÚV.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.